

**Samkomulag um framlengingu kjarasamnings milli
kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands
annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis hins vegar**

Breytingar á nöfnum aðila sem koma að samningi þessum: Stéttarfélag Verkfræðinga sameinaðist Verkfræðingafélagi Íslands þann 1. júlí 2011 undir nafni Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ). Samið er fyrir hönd félagsmanna í umboði kjaradeilda VFÍ. Nafnabreyting þessi hefur ekki áhrif á áðurgerðan kjarasamning að öðru leyti.

Kjarasamningur kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Orkuveitu Reykjavíkur framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Frá 1. febrúar 2014 skulu laun og aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8%.

2. gr.

- Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 39.500.
- Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 85.400
- Við launaútborgun þann 1. júní 2014 skal OR greiða sérhverjum starfsmanni, sem var í fullu starfi í janúar 2014, sérstaka eingreiðslu sem nemur kr. 14.600 fyrir hlutaðeigandi mánuð. Starfsmaður í hlutastarfi skal njóta hlutfallslegrar eingreiðslu í samræmi við starfshlutfall á sama tímabili. Gildir sama um starfsmann, sem starfað hefur hluta af viðmiðunartímabili sem greiðsla reiknast vegna.

Hækkan framlaga til vísinda- og starfsmenntunarsjóða VFÍ eða KTFÍ um 0,1% kemur til framkvæmda frá 1. febrúar 2014 að telja.



3. gr.

Samningur öðlast gildi frá 1. febrúar 2014 og gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 21. maí 2014

F.h. Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands
og Kjarafélags Tækniþróunarfélags Íslands

Pálmur Ólafsson
Eyjólfur Órn Þorsteinsson
Tensl. Þorsteinsson
Anna Niels
Jónnade Ólafsson

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarf.
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Sólinn Kristjánssdóttir
Inga Dóra Hólféðóttir
Pall Erlend
Óskar Hognes

Bókun 1

Félagsmenn kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands starfa nú einnig í tveimur nýjum dótturfyrirtækjum Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur – Veitum ohf. Samkomulag er um að ein atkvæðagreiðsla fari fram um samning þennan meðal allra hlutaðeigandi starfsmanna. Jafnframt er samkomulag um að við næstu endurnýjun kjarasamningsins skipi ofangreind fyrirtæki sameiginlega samninganefnd og að kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands skipi að sama skapi eina samninganefnd gagnvart fyrirtækjunum. Litið verði á fyrirtækin og hlutaðeigandi starfsmenn sem eina heild í atkvæðagreiðslum um kjarasamninginn.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um það að nýta tímann sem eftir er af þessum samningi til að hefja viðræður um breytingar á næsta kjarasamningi. Stefnt sé að því að viðræður hefjist í byrjun október 2014 um sérmál, aðra en kaupliði.

þóf þ
þóf HK 8.
AN DA 80
AN 80